


Leit – mannlýsing

Jón er mjög algengt nafn á Íslandi. Jón Sigurðsson er líka algengt nafn. En þegar við tölum um Jón forseta er yfirleitt átt við ákveðinn mann sem var einn helsti leiðtogi Íslendinga við upphaf sjálfstæðisbaráttunnar. Nú skulum við skoða nokkur atriði um þennan mæta mann og þú skalt búa til mannlýsingu af honum. Þú getur notað myndir og myndatexta til þess.

1. Hvaða leit skilar flestum niðurstöðum?
 - a. Jón Sigurðsson
 - b. Jón forseti
 - c. Jón Sigurðsson forseti
2. Hvaða vefir eru með mestar upplýsingar um Jón Sigurðsson?
3. Hverjir eru áreiðanlegastir? Hvers vegna?
4. Jón var aldrei forseti Íslands en samt var hann kallaður Jón forseti, hvers vegna?
5. Þjóðhátíðardagur Íslendinga er 17. júní. Hvers vegna var sá dagur valinn?
6. Hver var eiginkona Jóns?
7. Hvar bjó hann lengst af?



Þetta er bærinn þar sem Jón fæddist og ólst upp. Hvað heitir hann og hvar er hann?